

Starfsmenn skólamiðstöðvarinnar á Fáskrúðsfirði vilja láta í ljós óánægju sína varðandi þá ákvörðun að breyta starfi húsvarðar þannig að ekki sé lengur starfandi húsvörður í byggingunni. Þar sem húsvörður hefur verið hlekkur af starfsmannakeðju frá því að skólinn var opnaður. Við það að missa út húsvörðinn þá vantar hlekk í keðjuna. Hann hefur unnið eftir ákveðinni starfslýsingu (sjá viðhengi). Sjáum við ekki að húsvörður sem kemur í bygginguna af og til nái að sinna þeirri vinnu.

Okkur finnst eins og störf þeirra húsvarða sem hafa sinnt þessu hingað til séu ekki virt sem skyldi og látið líta út fyrir að þau sé óþörf. Sem þau eru svo sannarlega ekki.

Þar sem verkefnin sem húsverðir hefði sinnt, jafnt og þétt, safnast nú upp geta þau leitt af sér vandamál þar sem hlutunum er ekki sinnt strax. Nú þegar eru farin að hrannast upp verkefni hér í Skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði sem hafa verið á herðum húsvarða.

Það var á ábyrgð húsvarða að opna og loka skólabyggingunni en nú hefur þessi ábyrgð færst yfir á aðra starfsmenn án þess að starfslýsingu eða samningum sé breytt. Jafnframt bætast verkefni á aðra starfsmenn þegar þarf að ljúka þeim innan ákveðins tímaramma og ekki er húsvörður á staðnum til að sinna þeim.

Okkur, starfsmönnum, finnst líka verið að bæta við okkar störf þar sem við höfum verið að redda málum sem ættu að vera á höndum húsvarðar. Sem dæmi um það er að eftir rafmagnsleysi 7. nóvember s.l. kom local-netið ekki inn þó wifi kæmi inn og því engir símar eða borðtölvur sem virkuðu í húsinu. Þar hefði húsvörður, með þekkingu á kerfinu, verið snöggur að laga hlutina en þess í stað gengu aðrir starfsmenn í störf hans og þurftu aðstoð frá origo til þess að koma rafmagni á local-netið. Það segir sig sjálft að aðrir starfsmenn þurfa að ganga í þessi störf þar sem skólinn er háflamaður ef ekki er hægt að hafa samband við ritara með neinum hætti.

Við höfum sérstakar áhyggjur af því þegar að fer að verða mikill snjór því snjósöfnun er svo sannarlega mikil við skólabygginguna hér á Fáskrúðsfirði. Hvað á að gera þegar ekki fæst aðili í að moka? Á að loka þegar er ekki hægt að

komast inn fyrir snjó? Einnig þarf að hákuverja umhverfið vegna öryggis- og tryggingamála. Greiðfært þarf ávallt að vera um neyðarútganga.

Alla vinnu í hátíðarsal (að raða stólum og ganga frá) sá húsvörður um ásamt að sækja fisk fyrir skólamiðstöðin. Nú þarf aðili að fara eftir fiski með tilheyrandi kostnaði (tveir kílómetrar í hvert sinn) sem var inn í samningi húsvarðar. Fólk þarf að fara úr störfum sínum til að ná í iðnaðarmenn sem tekur oftast en ekki töluverðan tíma. Brunavarnir og atrið sem heilbrigðiseftirlitið hefur verið að setja út á hafa ekki verið lagfærð en væru það ef húsvörður væri á staðnum. Hlutir sem eiga að fara inn á gámavöll safnast upp og sorpgeymslan er komin í óásættanlegt ástand svo eitthvað sé nefnt.

Hér væri hægt að halda lengi áfram með upptalningu. Við viljum ítreka að þar sem þessi störf eru að bætast á annað starfsfólk segir það sig sjálft að það starfsfólk er þá ekki að sinna þeim störfum sem það var ráðið til. Þar sem við vinnum með lifandi einstaklinga setjum við **ekki** okkar skjólstæðinga/nemendur á “pásu” til að hlaupa í þessi verk. Því verður einstaklingur sem ekki er með ábyrgð á nemendahópi að vera til staðar til að sinna þeim.

Starfsfólk Skólamiðstöðvar Fáskrúðsfjarðar.



FJARÐABYGGÐ

Húsvörður í grunnskólum Fjarðabyggðar

STARFSLÝSING

Yfirmenn

skólastjóri

1. Meginviðfangsefni

- Eftirlit með og smærri viðgerðir á skólahúsnæði, skólalóð og húsbúnaði skólans.
- Stjórnun skólaliða og gerð þrifaáætlunar.
- Bónun á gólfum með aðstoð skólaliða.

2. Helstu verkefni

- Eftirlit með húsnæði, húsbúnaði og skólalóð.
- Smærri viðgerðir á húsnæði, húsbúnaði og tækjum á skólalóð.
- Utanumhald á búnaðarlista skólans
- Stjórnun skólaliða, m.a. ræstingu og almennum þrifum samkvæmt þrifaáætlun.
- Stjórna og skipuleggja hreingerningu skólahúsnæðis og gólfbón að vori og hausti.
- Umsjón með óskilamunum í skólanum.
- Kynna sér og framfylgja stefnu skólans og Fjarðabyggðar .

2.1 Teymisvinna

- Þátttaka í samstarfi skólaliða, húsvarðar og skólastjórnenda.
- Þátttaka við innleiðingu og eftirfylgni þróunarverkefna.

2.3 Samskipti

- Við nemendur, foreldra og starfsfólk skólans.
- Við starfslið eigna-, skipulags- og umhverfissviðs Fjarðabyggðar.
- Við aðra skólahúsverði í Fjarðabyggð.

2.4 Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem skólastjórnandi felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Menntun á framhaldsskólastigi sem nýtist í starfi.

- Reynsla af stjórnun.
- Reynsla af starfi með börnum.

3.2 Hæfnisþættir

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð, dagsetning

skólastjóri

húsvörður